

# Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra



Nr	Matsþættir að hve miklu leyti á eftirfarandi við?	Vægi
1	<b>Lýsing á verkefninu</b> er skýr og skilmerkileg. Við lestur umsóknar er afar skýrt hver markmið verkefnis eru, sem og væntur árangur.	15%
2	<b>Verk- og tímaáætlun</b> er mjög skýr, vel ígrunduð, sundurliðuð og trúverðug. Vörður eru vel skilgreindar. Miklar líkur eru á að verkefnið nái þeim árangri sem stefnt er að.	10%
3	<b>Kostnaðaráætlun</b> er skýr, vel sundurliðuð og trúverðug og fjármögnun líkleg til að ganga eftir.	10%
4	Afurð verkefnis færir okkur nær markmiðum Sóknaráætlunar. Verkefnið styður mjög vel við <b>jákvæð samfélagsleg áhrif/virði í takt við markmið sóknaráætlunar og áherslur sjóðsins</b> . Rökstuðningur á þörf og gildi verkefnis í takt við markmið Sóknaráætlunar og áherslur sjóðsins er skýr og skilmerkilegur.	20%
5	Hlutverk <b>samstarfsaðila</b> er vel skilgreint og mjög líklegt til að hafa jákvæð áhrif. Verkefnið stuðlar að mikilvægum tengslum sem leitt geta til ávinnings fyrir alla aðila.	10%
6m	Mikið <b>nýnæmi</b> felst í verkefninu. Nýtt verkefni/frumsköpun sem hefur mjög jákvæð áhrif á menningarlíf svæðisins.	10%
7m	Áhersla á <b>umhverfismál eða samfélagslegan fjölbreytileika</b> er vel skilgreind og miklar líkur á jákvæðum ávinningi sé horft til vitundarvakningar.	10%
8m	Verkefnið hefur mikil áhrif á <b>listrænt/menningarlegt gildi</b> svæðisins.	10%

# Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra



## Matsblað fyrir Menningarverkefni



Nr	Matsþættir að hve miklu leyti á eftirfarandi við?	Vægi	engu leyti / 0	litlu leyti / 1	einhverju leyti / 2	miklu leyti / 3	öllu leyti / 4
1	<b>Lýsing á verkefninu</b> er skýr og skilmerkileg. Við lestur umsóknar er afar skýrt hver markmið verkefnis eru, sem og væntur árangur.	15%	<b>Lýsing á verkefninu er ófullnægjandi og væntur árangur mjög óljós. Markmið, áfangar og/eða afurð illa skilgreind.</b>	Lýsing á verkefninu er ábótavant. Markmið eru ekki nægilega skilgreind. Lýsing á áföngum og/eða afurð verkefnisins eru ótrúverðug og/eða illa skilgreind.	Lýsing á verkefninu er ásættanleg. Skilgreining á markmiðum sem og áföngum og/eða afurð verkefnis er til staðar.	Lýsing á verkefninu er nokkuð góð. Markmið, áfangar og/eða afurð verkefnisins ljós.	Lýsing á verkefninu er skýr og skilmerkileg, Markmið, áfangar og/eða afurð verkefnisins ljós og miklar líkur á að verkefnið ná þeim árangri sem stefnt er að. Við lestur umsóknar er afar skýrt hver væntur árangur verkefnis er.
2	<b>Verk- og tímaáætlun</b> er mjög skýr, vel ígrunduð, sundurliðuð og trúverðug. Vörður eru vel skilgreindar. Miklar líkur eru á að verkefnið ná þeim árangri sem stefnt er að.	10%	<b>Verk- og tímaáætlun er ófullnægjandi. Upplýsingar vantar.</b>	Verk- og tímaáætlun er gróf og frekar óljós. Ólíklegt að verkefnið vinnist og klárast samkvæmt áætlun.	Verk og tímaáætlun er ásættanleg, en mætti vera skýrari og betur unnin. Tekur ekki á áskorunum sem geta komið upp.	Verk og tímaáætlun er skýr og ígrunduð og horft er til helstu áskorana sem geta komið upp. Líkur eru góðar að verkefnið ná þeim árangri sem stefnt er að miðað við áætlanir.	Verk- og tímaáætlun er mjög skýr, vel ígrunduð, sundurliðuð og trúverðug. Vörður eru vel skilgreindar. Mjög góðar líkur að settur árangur náist.
3	<b>Kostnaðaráætlun</b> er skýr, vel sundurliðuð og trúverðug og fjármögnun líkleg til að ganga eftir.	10%	<b>Kostnaðaráætlun/fjármögnun er ófullnægjandi. Upplýsingar vantar.</b>	Kostnaðaráætlun og fjármögnun eru mjög grófar og vantar því upp á trúverðuleika.	Kostnaðaráætlun og fjármögnun er ásættanleg en mætti vera betur unnin.	Kostnaðaráætlun er nokkuð skýr og fjármögnun trúverðug.	Kostnaðaráætlun er skýr, vel sundurliðuð og trúverðug og fjármögnun líkleg til að ganga eftir.
4	Afurð verkefnis færir okkur nær markmiðum Sóknaráætlunar. Verkefnið styður mjög vel við <b>jákvæð samfélagsleg áhrif/virði í takt við markmið sóknaráætlunar og áherslur sjóðsins</b> . Rökstuðningur á þörf og gildi verkefnis í takt við markmið Sóknaráætlunar og áherslur sjóðsins er skýr og skilmerkilegur.	20%	Verkefnið fellur ekki að markmiðum sóknaráætlunar eða áherslur sjóðsins.	Óljóst hvernig verkefnið færir okkur nær markmiðum Sóknaráætlunar s en einhverjar líkur á jákvæðum samfélagslegum áhrifum.	Verkefnið styður að nokkru leyti við markmið Sóknaráætlunar og áherslur sjóðsins sem gert er grein fyrir í umsókn. Grundvöllur verkefnis að mestu leyti trúverðugur og líkur á jákvæðum samfélagslegum áhrifum.	Afurð verkefnis færir okkur nær markmiðum Sóknaráætlunar. Verkefnið styður vel við markmið hennar og áherslur sjóðsins sem gert er grein fyrir í umsókn á sannfærandi hátt. Afurð verkefnis bætir við flóru nærsamfélagsins og góðar líkur á jákvæðum samfélagslegum áhrifum.	Afurð verkefnis færir okkur nær markmiðum Sóknaráætlunar. Verkefnið styður mjög vel við markmið sóknaráætlunar og áherslur sjóðsins sem gert er grein fyrir í umsókn á sannfærandi hátt. Afurð verkefnis bætir við flóru svæðisins og góðar líkur á jákvæðum samfélagslegum áhrifum.
5	Hlutverk <b>samstarfsaðila</b> er vel skilgreint og mjög líklegt til að hafa jákvæð áhrif. Verkefnið stuðlar að mikilvægum tengslum sem leitt geta til ávinnings fyrir alla aðila.	10%	Samstarf er ekki fyrir hendi í verkefninu.	Samstarf er óverulegt og lítt skilgreint.	Samstarf er lítillega skilgreint og kann að hafa jákvæð áhrif.	Hlutverk samstarfsaðila er vel skilgreint og verkefnið er líklegt til þess að skapa tengsl og jákvæð samlegðar áhrif.	Hlutverk samstarfsaðila er vel skilgreint og mjög líklegt til að hafa jákvæð áhrif. Verkefnið stuðlar að mikilvægum tengslum sem leitt geta til ávinnings fyrir alla aðila.
6m	Mikið <b>nýnæmi</b> felst í verkefninu. Nýtt verkefni/frumsköpun sem hefur mjög jákvæð áhrif á menningarlíf svæðisins.	10%	Ekkert nýnæmi felst í verkefninu.	Afar lítið nýnæmi felst í verkefninu.	Nokkurt nýnæmi felst í verkefninu, einkum ef horft er til nærumhverfis.	Verkefnið felur í sér frumsköpun að hluta, töluvert nýnæmi fyrir svæðið og/eða mikið svæðisbundið nýnæmi.	Mikið nýnæmi felst í verkefninu. Nýtt verkefni/frumsköpun sem hefur mjög jákvæð áhrif á menningarlíf svæðisins.
7m	Áhersla á <b>umhverfismál eða samfélagslegan fjölbreytileika</b> er vel skilgreind og miklar líkur á jákvæðum ávinningi sé horft til vitundarvakningar.	10%	Áhersla er engin eða almenn og áhrif óljós.	Áhersla er til staðar en lítt skilgreind og jákvæð áhrif takmörkuð.	Áhersla er skilgreind og möguleiki á jákvæðum áhrifum, einkum ef horft er til nærumhverfis.	Áhersla er vel skilgreind og jákvæð áhrif líkleg.	Áhersla er mjög vel skilgreind og miklar líkur á jákvæðum áhrifum..
8m	Verkefnið hefur mikil áhrif á <b>listrænt/menningarlegt gildi</b> svæðisins.	10%	Verkefnið hefur engin áhrif á listrænt/menningarlegt gildi svæðisins.	Verkefnið hefur óljós áhrif á listrænt/menningarlegt gildi svæðisins.	Verkefnið kann að hafa nokkur jákvæð áhrif á listrænt/menningarlegt gildi svæðisins, einkum ef horft er til nærumhverfis.	Líkur eru á jákvæðum áhrifum af verkefninu á listrænt/menningarlegt gildi svæðisins.	Verkefnið hefur mikil áhrif á listrænt/menningarlegt gildi svæðisins.

*Ef umsókn fær 0 stig fyrir einhvern af þremur fyrstu liðunum (rauðmerktir) telst hún sjálfkrafa ófullnægjandi.*